



Samskipti foreldra og kennara

Áherslur á samstarf foreldra og kennara eru augljósar í lögum um grunnskóla og aðalnámskrá grunnskóla en þar er litið á foreldra sem samstarfsmenn um hvert einstakt barn, nemendahópin og skólann sem heild. Þetta undirstrikar mikilvægi þess að mótaður sé skýr og skilvirkur farvegur fyrir þessi samskipti, þar sem velferð nemenda er höfð að leiðarljósi um leið og þess er gætt að samskiptin hafi ekki truflandi áhrif á nám og kennslu.

Hafa þarf í huga að enda þótt reglur séu mikilvægar og eigi almennt við þá þarf alltaf að vera nægur sveigjanleiki fyrir hendi til þess að hægt sé að mæta ólíkum þörfum allra fjölskyldna, hvort sem það er tímabundið eða ekki. Um slík frávik má semja sérstaklega.

TÖLVUPÓSTUR

- ▶ Lögð er áhersla á að kennarar fái vinnufrið í kennslustundum og þurfi ekki að opna tölvupóst né svara farsíma.
- ▶ Tölvupóstar eru eingöngu notaðir til að senda upplýsingar eða spyrjast fyrir um hagnýt mál. Aldrei ætti að nota tölvupósta til að ræða viðkvæm, persónuleg mál.
- ▶ Hver og einn kennari ákveður sjálfur hvort hann tekur á móti vinnupósti í farsíma sinn eða ekki.
- ▶ Samræmd sjálfvirk svörun er á öllum tölvupóstum kennara skólans. Dæmi: Erindi þínu verður svarað eins fljótt og unnt er, í síðasta lagi innan tveggja virkra daga. Þoli erindið ekki bið vinsamlega snúið ykkur til skólaritara. s. 4414800.

FACEBOOK OG AÐRIR SAMFÉLAGSMIÐLAR

- ▶ Innan skólans gilda samræmdar siðareglur um samskipti við foreldra á samfélagsmiðlum, t.d. varðandi vináttu starfsmanna skólans og foreldra og/eða nemenda. Almenna reglan er sú að starfsmenn skólans og foreldrar og/eða nemendur eru ekki vinir á Facebook.
- ▶ Kennarar skólans sem stofna sérstakan Facebook hóp eða aðra sambærilega samskiptahópa fyrir foreldra skilgreina í upphafi tilgang hópsins/síðunnar, hvað á heima þar og hvað ekki.
Dæmi: Tilgangurinn með þessum hóp/síðu er að deila hagnýtum upplýsingum um nám og félagsstarf nemendanna í bekknum/árganginum. Hér er deilt upplýsingum og fyrirspurnum um heimanám, upplýsingum og fyrirspurnum um verkefni sem nemendur eru að vinna með í skólanum m.a. ljósmyndum, upplýsingum og fyrirspurnum um kennsluaðferðir. Hér birtast einnig upplýsingar frá bekkjarfulltrúum og frá foreldrafélaginu. Undir engum kringumstæðum er hér fjallað um málefni einstaklinga, hvorki nemenda, foreldra né starfsmanna skólans.
- ▶ Reglur gilda um hvenær, hvar og hvaða ljósmyndir skólinn birtir af nemendum, sjá: Viðmið um myndatökur og myndbirtingar á heimasíðum grunn- og leikskóla https://www.kopavogur.is/static/files/Log-og-reglur/reglur_menntasvid/vidmid-myndbirting-a-heimasidum.pdf

SÍMI

- ▶ Kennarar svara almennt ekki í farsíma eða taka við skilaboðum í síma meðan á kennslu stendur.
- ▶ Kennarar eru með fasta viðtalstíma á stundaskrá þar sem foreldrar geta hringt eða komið til fundar við þá.
- ▶ Ef málið þolir ekki bið er hægt að óska eftir símtali eða fundi með milligöngu ritara.

RITARI – SKRIFSTOFUSTJÓRI

- ▶ Ritari stýrir aðgengi foreldra að kennurum í samræmi við reglur skólans.
- ▶ Foreldrar tilkynna veikindi barna sinna og/eða stutt leyfi til ritara skólans.

HEIMSÓKNIR FORELDRA Í SKÓLASTOFUR

- ▶ Hvatt er til þess að foreldrar kynnist daglegu starfi barna sinna í skólanum, en heimsóknir í skólastofur skulu ávallt vera í samráði og með samþykki viðkomandi kennara.

UPPLÝSINGAR FRÁ SKÓLANUM

- ▶ Samráðs- og upplýsingafundir eru haldnir í öllum árgöngum í ágúst eða september.
- ▶ Skólinn birtir allar helstu upplýsingar um skólastarfið á heimasíðu sinni m.a. skóladagatal, skólanámskrá, starfsáætlun, samstarfsáætlun foreldra og skóla, starfsmannalista, matseðil o.fl.
- ▶ Hagnýtar upplýsingar um námsmarkmið, námsmat, heimanám o.fl. eru jafnframt birtar á Mentor þar sem þær eru uppfærðar reglulega af umsjónarkennara og öðrum kennurum sem kenna nemandanum.
- ▶ Umsjónarkennari sendir foreldrum reglulega (t.d. vikulega á yngsta og miðstigi og hálfsmánaðarlega á unglingastigi) helstu upplýsingar um bekkjarstarfið og það sem framundan er í bekknum/hópnum.
- ▶ Í október og febrúar eru haldnir samráðsfundir/foreldraviðtöl með umsjónarkennara, foreldrum og nemenda þar sem farið er yfir markmið og stöðu nemandans. Á sama tíma gefast einnig tækifæri fyrir nemendur, foreldra og sérgreinakennara að eiga fundi um markmið og stöðu nemandans.
- ▶ Frekari upplýsingar eru veittar eftir þörfum á fundum, með tölvupósti, gegnum síma eða á samskiptamiðlum.